

Miðvikudaginn 12. október 1977.

Nr. 199/1974. **Utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar
utanríkisráðuneytisins og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Gunnari Jónssyni
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. nóvember 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. maí 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 882.712 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 18. mars 1977 greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda hið umkrafað orlofsfé, 30.444 krónur auk vaxta.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi fékk gagnáfrýjandi goldin laun, 14.642.76 krónur, fyrir tímabilið 1.—7. september 1972.

Aðaláfrýjandi hefur lýst því yfir, að hann viðurkenni greiðsluskyldu sína gagnvart gagnáfrýjanda, ef gagnáfrýjandi verði talinn eiga rétt á bótum vegna uppsagnar úr starfi hjá varnarliði Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Fyrir Hæstarétti er einungis um það deilt, hvort heimilt hafi verið að segja gagnáfrýjanda upp starfi með þriggja mánaða uppsagnarfresti eða hvort uppsögn hans hafi verið ólögmat vegna ákvæða 5. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað allmargra nýrra gagna. Gagnáfrýjandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu um ráðningu sína og atvik að henni. Fullyrti hann, að ekki hefði verið um annað rätt en að um kjör hans, réttindi og skyldur skyldi fara á sama hátt og slökkviliðsmanna í Reykjavík. Ekki hafi verið nefndur þriggja mánaða uppsagnarfrestur og hann hafi litið svo á, að um svonefnda æviráðningu væri að ræða. Hins vegar skýrði hann svo frá, að sér hafi verið kunnugt um, að borið hefði við, að starfsmönnum slökkviliðsins hefði verið sagt upp störfum með 3 mánaða uppsagnarfresti.

Í bréfi starfsmannastjóra varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Guðna Jónssonar, frá 15. apríl 1977, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir m. a. svo: „Lengri uppsagnarfrestur en þrír mánuðir hefur aldrei verið gefinn, enda hefur aldrei verið litið á ráðningu sem sambærilega við skipun til starfa hjá íslenskum ríkis- eða bæjarstofnunum.“

III.

Aðiljar eru á einu máli um, að eigi hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við gagnáfrýjanda um starf hans í slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Skjal, sem nefnt er „Notification of Personnel Action“, hefur verið lagt fram í málinu. Er það undirritað af yfirmanni starfsmannadeildar varnarliðsins og fjallar um stöðu gagnáfrýjanda í slökkviliðinu. Segir þar m. a.: „ . . . Rights and Privileges in accordance with the agreement of the City of Reykjavík and the Union of Reykjavík Municipal Employees“.

Samkvæmt 4. tölulið 6. gr. viðbættis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, eru íslenskir

starfsmenn varnarliðsins ráðnir af því, en íslenska ríkið er eigi aðili að vinnusamningi. Var gagnáfrýjandi eigi íslenskur opinber starfsmaður. Í 4. tölulið 6. gr. segir, að ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu skuli fara að íslenskum lögum og venjum.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna er uppsegjanlegur samkv. 7. gr. hans. Vegna þessa og almennrar stöðu varnarliðsins hér á landi þykir það hafa líkur gegn sér, að stofnað hafi verið til svonefndrar „æviráðningar“ með ráðningarsamningi gagnáfrýjanda.

Samkvæmt gögnum máls, sem reifuð eru hér að framan, verður við það að miða, að borið hafi við, að starfsmönnum í slökkviliði varnarliðsins hafi verið sagt upp störfum og þá eigi með lengri uppsagnarfresti en þremur mánuðum. Hefur gagnáfrýjandi eigi fært sönnur á í máli þessu, að hann hafi verið ráðinn með rýmri kjörum að þessu leyti. Um lögmæli uppsagnar hans, þ. á m. um lengd uppsagnarfrests, fer eftir íslenskum lögum samkvæmt 4. tl. 6. gr. viðbætisins. Aðilja skilur eigi á um, að gagnáfrýjandi hafi notið þriggja mánaða uppsagnarfrests, og þykir lengd hans, eins og hér stendur a, eðlilega ákveðin samkvæmt íslenskum lagavenjum.

Í bréfi slökkviliðsstjórans á Keflavíkurflugvelli frá 30. ágúst 1972 segir, að uppsagnartímabil gagnáfrýjanda, sem ljúka átti 31. ágúst s. á., framlengist til 7. september s. á. Gagnáfrýjanda var eigi rétt að líta svo á, að með þessu bréfi væri horfið frá uppsögninni, og þykir hann ekki geta byggt rétt á því til bóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, utanríkisráðherra f. h. varnarmála-
deildar utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h.

rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. september 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, 4. sept. sl., hefur Gunnar Jónsson slökkviliðsmaður, Njarðargötu 5, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. apríl 1973, gegn Einari Ágústssyni utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og Halldóri E. Sigurðssyni fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 913.156 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að metin verði ógild uppsögn Sveins R. Eiríkssonar slökkviliðsstjóra svo og að stefnandi verði settur aftur inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, þar á meðal með óskertum lífeyrisréttindum og aðstöðu til að hækka í starfi (tign) miðað við upphaflegan starfsaldur.

Við munnlegan málflutning hækkaði lögmaður stefnanda vaxtakröfu sína þannig, að krafist er greiðslu á kr. 913.156 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til vara eru gerðar þær dómkröfur, að umkrafðar fébætur verði verulega lækkaðar.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefndu þær dómkröfur, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, þó þannig, að stefndu fallast á að greiða stefnanda kr. 30.433 vegna ógreidds orlofsfjár o. fl., og jafnframt er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda. Af hálfu stefndu var þá gerð vara-krafa um, að dómkröfur stefnanda yrðu lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að haustið 1966 hafi stefnandi hafið starf sem slökkviliðsmaður hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar og því starfi hafi stefnandi gegnt þar til um mánaðamót ágúst og september 1972. Með bréfi, dags. 29. maí 1972, undirrituðu af Sveini R. Eiríkssyni slökkviliðsstjóra, var stefnanda sagt upp starfi frá og með 31. ágúst 1972. Í bréfi þessu var ekki

tilgreind ástæða fyrir uppsögn. Sveinn R. Eiríksson slökkviliðsstjóri ritaði stefnanda annað bréf, og var það dags. 30. ágúst 1972. Efni bréfsins var „framlenging á starfsuppsögn“. Í bréfi þessu var stefnanda tilkynnt, að uppsagnartímabil stefnanda, sem ljúka átti 31. ágúst 1972, framlengdist til 7. september 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf, dags. 29. maí 1972, svohljóðandi:

„Frá: Slökkviliðsstjóra Varnarliðsins, Keflavíkurflugvelli.

Til: Hr. Gunnars Jónssonar, slökkviliðsmanns, Slökkviliði Varnarliðsins, Keflavíkurflugvelli.

Efni: Starfsuppsögn.

1. Það tilkynnist hér með, að yður er sagt upp starfi slökkviliðsmanns frá og með 31. ágúst 1972.
2. Þess er óskað, að þér mætið á skrifstofu starfsmannahalds á síðasta vinnudegi yðar til að ganga frá málum varðandi lokauppgjör.“

Hinn 27. júlí 1972 var stefnanda ritað svohljóðandi bréf:

From: Fire Chief.

To: Mr. Gunnar Jonsson, Firefighter “C” Shift.

Subj.: Letter of reprimand.

1. On 27 June 1972, you called the Station Captain on duty at the fire station and stated that you would not be in for duty the next day as scheduled but you did not request any type of leave. This type of reporting procedure is not in accordance with established procedures of reporting absenteeism. However, the reason for LWOP was sufficient, and leave would have been granted if requested.
2. On 13 July 1972, you did not arrive for duty as scheduled. No word was received by the management of the Fire Department regarding your condition or reason for absence. The next time you were scheduled for duty, on 16 July, you showed up 8 minutes late for duty. You did not bring in a doctor certificate or any explanation of your absence 13 July. On 22 July you finally brought in a doctor certificate for the 13 July, issued by dr. Arnbjörn Ólafsson 13 July 1972.
3. On 22 July 1972, you were assigned the duty of closing places of public assembly. The normal procedure is that the person performing this duty is in radio contact with the Fire Department during the entire inspection period, but you failed to do so. Furthermore, after you had been out of

contact for 45 minutes on a normal 10 to 15 minutes mission, causing delay in closing of other buildings, a fire officer was dispatched in another vehicle to look for you on the Station and finally found you in the Hobby Center, where it appears that you spent unnecessarily long time.

4. This letter is submitted in order to warn you that repetition of the above will not be tolerated and may result in immediate dismissal from your present position."

Á dskj. nr. 8 er bréf, dags. 18. ágúst 1972. Bréf þetta er undirritað af S. R. Eiríkssyni, M. Ólafssyni, H. Marteinsyni og H. Stefánssyni og er svohljóðandi:

„From: Fire Chief and Assistant Fire Chiefs NAVSTAKEF Fire Department.

To: Commanding Officer NAVSTAKEF.

Subj.: Mr. Gunnar Jonsson's termination; information, concerning. Encl: (1) through (9) copy of letters of reprimand, warning, incidents, termination, etc., concerning Mr. Gunnar Jonsson.

1. We the undersigned managers of the U.S. Naval Station, Keflavík Fire Department, are convinced that all the facts contained in enclosure (1) through (9) are more than enough evidents to support our previous decision of terminating Mr. Gunnar Jonsson from this Fire Department as of 31. Aug. 1972.
2. This letter is forwarded to you in order to, once again and hopefully for the last time, try to convince you of that we the undersigned, the Fire Chief and the three Assistant Fire Chiefs of your Fire Department are positively certain that the above termination action is necessary to maintain the vitally important mission and performance of all of the personnel within the Fire Department in the future.
3. Furthermore, we refuse to assign Mr. Jonsson to any position of responsibility in the Fire Department. His past and continuous performance has clearly indicated to us that he cannot be trusted to react properly and would, therefore, jeopardize the safety of other firefighters and personnel who depend upon the Fire Department for protection during any emergency situation."

Hinn 30. ágúst 1972 var stefnanda ritað bréf. Það er svohljóðandi:

„Framlenging á starfsuppsögn

1. Það tilkynnist yður hér með, að uppsagnartímabil yðar, sem ljúka átti 31. ágúst 1972, framlengist til 7. september 1972, óskið þér eftir að starfa áfram til þess tíma. Vaktir þær, sem á það tímabil falla, verða 2. september 1972 og 6. september 1972, og einungis er ætlast til, að þér mætið til starfa í slökkvistöðinni eftir því sem þörf krefur að mati yfirmanns yðar, sem mun boða yður símleiðis.“

Hinn 26. október 1972 skrifaði stefnandi Guðna Jónssyni, starfsmannahaldi varnarliðsins, bréf, þar sem hann mótmælti starfsuppsögn og bréfi, dags. 18. ágúst 1972, sbr. dskj. nr. 8.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur læknisvottorð. Það elsta þeirra er dagsett 31. mars 1971 og er frá Jóni K. Jóhannssyni lækni, og efni vottorðsins er svohljóðandi í íslenski þýðingu:

„Vegna endurtekinna fjarvista Gunnars Jónssonar, starfsmanns Slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli, og sérstaklega vegna síðasta læknisvottorðs hans, sem er tæplega læsilegt (og fylgir hjálagt), var ég beðinn um að ræða við Gunnar og skoða hann.“

Hr. Guðmundur Snorrason tilkynnti honum, að hann ætti að koma á stofuna til mín í þeim tilgangi. Hinn 23. mars hringdi hann á stofuna og vildi fá staðfestingu í símann á miðanum frá lækni hans. Ég sagði honum að koma til mín á stofuna, og hann lagði á. Föstudagskvöldið 26. mars hringdi Gunnar aftur til mín, hafði í hótunum, skammaðist og var áreitinn í orðum. Hann hélt því fram, að hann hefði tekið símtalið á segulband og ætti að geta haft það yfir fyrir alla málsaðila, ef hann óskaði.

Hann fékk tíma kl. 14 daginn eftir, en eftir að beðið hafði verið eftir honum í hálf tíma, hringdi varaslökkviliðsstjórinn til mín og sagði mér, að Gunnar ætlaði ekki að mæta, með því „hann gæti ekki náð í lögmann sinn.“

Í gær, hinn 30. mars, kom Gunnar loks á stofuna til mín í fylgd með hr. Hilmar Sölvasyni. Ég bað Hilmar Sölvason að biða á biðstofunni, meðan ég skoðaði Gunnar Jónsson og talaði við hann, en Gunnar neitaði algjörlega skoðun, nema Hilmar Sölvason væri viðstaddur og fór burt að því búnu.

Ég er þeirrar yfirveguðu skoðunar, að Gunnar Jónsson þjáist af ranghugmyndum um ofsóknir og jafnframt leiti hann allra ráða og undanbragða til að vera fjarverandi og leika á „kerfið“.

Líkamlega lítur hann mjög hraustlega út, en alvarlega verður að efast um, að hægt sé að hafa mann með þessa afstöðu í starfi.“

Hinn 25. febrúar 1972 gaf Jón K. Jóhannsson læknir út eftirfarandi vottorð: „Gunnar Jónsson, slökkviliðsmaður, Njarðargötu

5, Keflavík, kom til mín í byrjun þessa mánaðar vegna lauss brjósks í h. hné. Fékk hann Cortison inngjöf í hnéliðinn, en hefur lítinn bata fengið. Síðan hef ég tvívegis heimsótt hann, er hann hefur verið frá vinnu, og í seinna skiptið þann 17. þ. m. ráðlagði ég honum eindregið að leita til sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, sem væri eina ráðið til að fá varanlega lækningu á hnénu. Féllst Gunnar á þetta og kvaðst mundu fljótlega fara inn á Landspítala þessara erinda. Í símtali við Gunnar í gær tjáði hann mér hins vegar, að hann væri hættur við þetta í samráði við heimilislækni sinn, en ætlaði með fótinn í nudd, sem ég álit algjörlega tilgangslaust. Verður af þessu að draga í efa, hvort einlægur vilji sé fyrir hendi hjá Gunnari til þess að hraða meðferðinni, en í núverandi ástandi er hæpið, að hann geti uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru til atgervis slökkviliðsmanna.“

Hinn 24. maí 1972 gaf Arnbjörn Ólafsson læknir út svofellt vottorð: „Gunnar Jónsson, Njarðargötu 5, Keflavík, hefur verið óvinnufær undanfarna daga vegna taugaástands, sem ég taldi það alvarlegt, að ekki væri varlegt að láta hann sinna slökkviliðstörfum, eins og hann var. Hann er nú til rannsóknar hjá sérfræðingi í taugasjúkdómum skv. mínu ráði.“

Hinn 26. maí 1972 gaf Jón K. Jóhannsson læknir út eftirfarandi vottorð: „Vegna vottorðs Arnbjörns Ólafssonar um Gunnar Jónsson og geðheilsu hans upplýsist eftirfarandi: Ég hef í dag átt samtalið við Þórð Möller, yfirlækni á Kleppi, og tjáði hann mér, að hann hefði fyrir tveimur dögum skoðað Gunnar Jónsson, Njarðargötu 5, Keflavík, og ekki fundið neinn geðrænan sjúkdóm, er hindraði hann til vinnu í slökkviliði.“

Hinn 29. maí 1972 gaf Arnbjörn Ólafsson út eftirfarandi vottorð: „Gunnar Jónsson, Njarðargötu 5, Keflavík. Ofanritaður var til rannsókna í s.l. viku hjá sérfr. í taugasjúkdómum, og er hann talinn vinnufær frá og með deginum í dag. Ég ráðlagði Gunnari að hætta vinnu þann 17.5. 1972 um óákveðinn tíma.“

Hinn 30. maí 1972 gaf Þórður Möller læknir út svohljóðandi vottorð. Vottorðið var stílað til Hallgríms Dalbergs, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, en vottorðið er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að senda yður stutta greinargerð um heilsufar Gunnars Jónssonar, slökkviliðsmanns á Keflavíkurlugvelli, einkanlega með tilliti til atburðar á vinnustað 17.5. 1972.

Skv. þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér með viðtali við hann, lækna suður frá og aðra, sem eitthvað hafa getað upplýst um málið, virðist mér eftirfarandi koma í ljós.

Gunnar hefir þegar lengi starfað á þessum vinnustað og hefir lengi verið nokkuð strítt með honum og yfirmanni hans, hugsanlega vegna ágreinings í félagsmálum. Hefir verið það mikil harka í þessum málum, að Gunnar hefir því miður gripið til áfengis um of til þess að létta á sér þessari streitu. Fjarvistir hans munu því hafa verið nokkuð meiri en venjulegt getur talist eða æskilegt.

Gunnar vill halda því fram, að þetta komi allt til af þeim járnaga, sem haldið er uppi í slökkviliðinu og það munu enda vera mun fleiri en hann, sem kvarta undan þeim aga og jafnvel hafa gefist upp á honum.

Eftir ástæðum er nokkuð vandséð, hver nauðsyn beri til slíks aga, hvort hann þjóni nokkrum öðrum tilgangi en sjálfum sér, og þá hvort lagfæring í þessum efnum sé vænlegri sú að breyta um aðferðir en að hrekja menn úr starfi með agabeitingu af þeirri hörkunni, sem einu sinni er íslendingum framandi, eða beinlínis víkja þeim úr starfi fyrir getsakir einar eða þá vegna veilu eða vandkvæða, sem rekja má að verulegu leyti til harkalegra aðferða.

Gunnar Jónsson tel ég fullkomlega með öllum mjalla og atburðir 17.5. 1972 aðeins tilkomna af tiltölulega skiljanlegri spennu, sem hann brestur snöggvast undan, og því hins vegar, að Gunnar er enginn járnkarl, sem þó á kröfu til þess að vera látinn njóta sannmælis, þó ekki sé meira.“

Hinn 14. mars 1974 gaf Arnbjörn Ólafsson læknir út svofellt vottorð:

„Að gefnu tilefni hef ég kynnt mér að nýju vottorð mitt útgefið 24. maí 1972 varðandi Gunnar Jónsson, þá til heimilis að Njarðargötu 5 í Keflavík, með hliðsjón af framburði Sveins Eiríkssonar, slökkviliðsstjóra, á bæjarþingi R.víkur þann 12. febrúar 1974.

Vottorð mitt ber að skilja svo, að Gunnar hafi verið óvinnufær þann dag eins og á stóð, segir hins vegar ekki, að hann hafi verið haldinn geðveilu.

Í framhaldi af þessu hef ég kynnt mér bréf Þórðar Möller yfirlæknis, dags. 30. maí 1972, og er greinilegt, að yfirlæknirinn er á sama máli og ég um heilsufar Gunnars.

Ég hef ekki talið eða látið orð falla um, að Gunnar sé psykopat.“

Vegna máls þessa hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur, og hafa þá komið fyrir dóm stefnandi málsins, Gunnar Jónsson, Sveinn Rafn Eiríksson slökkviliðsstjóri, Magnús Ólafsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, Halldór Marteinson aðstoðarslökkviliðsstjóri,

Haraldur Stefánsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Guðmundur Snorrason, ráðningarstjóri varnarliðsins, og Baldur Guðjónsson, ráðningarstjóri utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem kom fram við yfirheyrslur þessar.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi sem rétta aðiljaskýrslu á dskj. nr. 3, en þar segir svo m. a.: „Seint í nóvembermánuði 1966 réðst ég til starfa hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar sem slökkviliðsmaður. Ekki var krafist neinna sérstakra skilyrða til þess að hljóta starfið, að öðru leyti en því, að heilsan væri góð, hefði ökuréttindi og talaði eitthvað í ensku. Auðvitað var til þess ætlast, að ég hefði næga líkamsburði. Það skilyrði var auðvelt að uppfylla, því ég hafði árum saman stundað ýmiss konar byggingarvinnu, en þar að auki verið starfandi skáti í mörg ár. Ég komst því fljótt inn í starfið hjá slökkviliðinu, gekk þar allar tilskildar vaktir og að hverju því starfi, sem mér var falið. Allt var þetta undir venjulegu eftirliti yfirboðara minna og í nánú samstarfi við félagi mína. Aldrei var kvartað undan störfum mínum, eða mér veitt áminning af einu tagi, né heldur ábending um smátt eða stórt, sem betur mætti fara í sambandi við vinnuna.

Mér kom því algjörlega óúvart, er mér barst uppsagnarbréf Sveins R. Eiríkssonar, slökkviliðsstjóra, dags. 29. maí 1972, enda var þar engin ástæða tilgreind. Í bréfinu var gengið út frá því, að ég skyldi láta af störfum í ágústlok 1972. Samkvæmt þessu hélt ég störfum áfram m. a. í því trausti, að uppsögn þessi kæmi aldrei til framkvæmda. Næst gerist það, að Sveinn R. Eiríksson sendi mér annað bréf, dags. 30. ágúst, um: „framlenging á starfsuppsögn“, en samkvæmt bréfinu er mér tilkynnt, að uppsagnartímabilið, sem átti að ljúka 31. ágúst 1972, framlengdist til 7. september 1972. Jafnframt er gefið í skyn, að ég yrði boðaður á sérvaktir. Til þess kom þó ekki, en ég var að sjálfsögðu viðbúinn heima.“

Fyrir dómi bar stefnandi, að þá er hann var ráðinn til starfa hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, hafi Guðmundur Snorrason ráðið stefnanda og tekið fram, að laun og kjör skyldu vera sambærileg við kjör slökkviliðsmanna í Reykjavík. Á þessu hafi nokkur misbrestur orðið og m. a. þess vegna hafi slökkviliðsmennirnir á Keflavíkurflugvelli stofnað starfsmannafélag slökkviliðsmanna, og minnti stefnanda, að félagið hafi verið stofnað á árinu 1968, en stefnandi hafi verið kosinn fyrsti formaður félagsins. Þá er

stefnandi var ráðinn, hafi ekkert verið á það minnst, að til uppsagnar gæti komið vegna þess, að varnarliðið færi af landinu, og aldrei hafi verið á þennan möguleika minnst, á meðan stefnandi gegndi starfi sínu á Keflavíkurflugvelli. Stefnandi tók fram, að þá er hann sótti um starf þetta, þá hafi hann gert það, þar sem þetta sé eitt tryggasta starfið á Keflavíkurflugvelli, en svo framarlega sem Keflavíkurflugvöllur sé rekinn sem flugvöllur þá hljóti að starfa þar slökkvilið, hvort sem varnarliðið sé hér á landi eða ekki.

Stefnandi sagðist halda, að hann hefði fengið uppsagnarbréfið á dskj. nr. 4, en það er dags. 29. maí 1972, sama dag og bréfið er dagsett, að minnsta kosti muni hann hafa fengið það fyrir mánaðamót maí-júní 1972. Eftir að stefnandi fékk bréf þetta, þá hafi hann reynt að fá ákvörðun slökkviliðsstjóra breytt og þess vegna talað við ýmsa aðilja, en hann hafi ekki óskað sérstaklega eftir því að fá framlengingu á uppsagnartímabilið um 7 daga, en tók fram, að hann teldi ástæðuna fyrir þessari 7 daga framlengingu vera til komna vegna óska utanríkisráðherra, sem hafi ætlað að kippa þessum málum í lag á þessum 7 dögum, þótt ekki hafi af því orðið, en stefnandi hafi átt samtöl við utanríkisráðherra vegna uppsagnarinnar. Enda þótt stefnandi hafi ekki óskað eftir þessari framlengingu, þá hafi hann verið viðbúinn heima, ef hann yrði kallaður á vaktir, en af því hafi ekki orðið.

Stefnandi sagði, að dskj. nr. 8 hafi komið í pósthólf stefnanda í pósthúsið í Keflavík. Ljósritið hafi verið í umslagi, merktu stefnanda, en ljósritinu hafi ekkert bréf fylgt og engar skýringar. Ekki mundi stefnandi, hvenær þetta var, en tók fram, að hann teldi sig hafa ærna ástæðu til að ætla, að efni þessa dómsskjals hafi farið víðar, en stefnandi hafi sótt um starf í Landsbankanum á Keflavíkurflugvelli og jafnframt hafi hann sótt um starf í slökkviliðinu í Hafnarfirði, en hvorugum umsóknunum hafi verið svarað, en um þessi störf hafi stefnandi sótt í mars og apríl 1973. Bæði þessi störf hafi verið auglýst til umsóknar, og sagði stefnandi, að hann minnti, að eftir að hann sendi umsókn sína um starf í slökkviliði Hafnarfjarðar, hafi tvisvar eða þrisvar verið auglýst eftir starfsmönnum. Jafnframt hafi stefnandi leitað eftir starfi á ýmsum stöðum í Keflavík, án þess að auglýst væri eftir starfsmönnum og án þess að þar mundi vera um vaktavinnu að ræða. Stefnandi taldi upp nokkur fyrirtæki, en allt þetta hafi verið án árangurs.

Stefnandi var spurður um ágreining milli hans og slökkviliðs-

stjóra. Þá benti stefnandi á Tímann og Alþýðublaðið frá 14. maí 1969 og Þjóðviljann frá 15. maí 1969, sbr. dskj. nr. 17—20, en þar er fjallað um ágreining slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjóra. Stefnandi sagði, að það, sem fram komi í blöðum þessum, muni vera upphafið að ágreiningi hans og slökkviliðsstjórans, en ágreiningur þessi hafi svo verið viðvarandi allan tímann, og taldi stefnandi sig hafa verið beittan hörku af slökkviliðsstjóra og sé það það, sem læknirinn muni eiga við í vottorði sínu. En harka slökkviliðsstjóra hafi beinst mest að þeim mönnum, sem stóðu framarlega í samtökum slökkviliðsmanna og kröfðust þess, að réttur starfsmanna væri virtur.

Stefnandi bar fyrir dómi 22. apríl sl., að hann væri nú með sjálfstæðan atvinnurekstur og ræki leirkeraiðju. Leirkeraiðju hafi kona stefnanda starfrækt að Njarðargötu 5, Keflavík, þá er stefnandi vann hjá slökkviliðinu, og hafi stefnandi gripið inn í störf í leirkeraiðjunni sem aukastarf, m. a. hafi hann séð um allt bókhald og pappírsvinnu vegna fyrirtækisins. Eftir að stefnanda var sagt upp í slökkviliðinu, hafi hann flutt til Hafnarfjarðar og hafið starfrækslu leirkeraiðjunnar í Hafnarfirði. Hafi hann flutt til Hafnarfjarðar frá Keflavík um miðjan október 1973. Leirkeraiðja þeirra hjóna hafi verið starfrækt í Keflavík til 1. júlí 1973 og opnuð í Hafnarfirði í byrjun október 1973. Stefnandi sagðist hafa verið tilneyddur að flytja frá Keflavík, þar sem hann hafi enga vinnu getað fengið þar, en starfið við leirkeraiðjuna sé nú eina starf stefnanda.

Nokkru áður en stefnanda barst uppsagnarbréfið, hafi það komið fram í einkaviðræðum stefnanda við Guðna Jónsson starfsmannastjóra og Guðmund Snorrason ráðningarstjóra, að stefnandi mundi geta fengið annað starf hjá varnarliðinu. Þeir Guðni og Guðmundur hafi ekki tilgreint ákveðið starf. Stefnandi hafi tekið fram, að hann hefði helst áhuga á vaktavinnu, svipað og hann hafi haft hjá slökkviliðinu, en vegna vinnu stefnanda við leirkeraiðju þeirra hjóna hafi hann helst viljað vinna vaktavinnu. Stefnandi hafi ekki sótt um annað starf hjá varnarliðinu, en ástæðan fyrir því hafi verið, að það hafi legið í loftinu, að uppsögn stefnanda úr slökkviliðinu yrði dregin til baka fyrir tilverkn- að tveggja nefndarmanna í varnarmálanefnd, þeirra Valtýs Guðjónssonar og Hallgríms Dalbergs. Stefnandi sagði, að þau störf, sem hann hafi sótt um, hafi hann ekki sótt um fyrr en á árinu 1973, eftir að hann hafi talið fullvíst, að uppsögnin yrði ekki dregin til baka.

Fyrir dómi bar Sveinn R. Eiríksson, slökkviliðsstjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að hann hefði verið slökkviliðsstjóri frá því í byrjun árs 1963.

Ástæður fyrir því, að stefnanda var sagt upp starfi, hafi verið vantraust slökkviliðsstjórans og annarra yfirmanna á stefnanda. Þetta vantraust hafi byggst á reynslu þeirra af stefnanda. Ástæður fyrir vantrausti á stefnanda eigi sér nokkuð langa sögu, um 2 ár, en þar hafi komið til mæting stefnanda til starfa, hegðun hans í starfi og agabrot. Nauðsynlegt sé vegna eðlis starfs slökkviliðsmanna, að starfsmenn beri fullt traust hver til annars. Stefnandi hafi sýnt mótlæða gegn stjórn slökkviliðsins og það hafi verið undir hælinn lagt, hvort hann hlýddi fyrirmælum yfirmanna eða ekki. Slökkviliðsmönnum beri að mæta til vinnu að jafnaði 2 daga í viku, um það bil þriðja hvern dag og séu vinnutímar þá 24 tímar samfelld. Það hafi oft komið fyrir, að stefnandi hafi ekki getað mætt þessa tvo daga, ýmist annan eða báða, en hafi verið í fullu fjöri aðra daga vikunnar. Stefnandi hafi alltaf komið með læknisvottorð vegna fjarveru sinnar. Vottorðin hafi flest öll verið frá Arnbirni Ólafssyni lækni.

Stefnandi hafi haft mikil áhrif á starfsanda slökkviliðsmanna til hins verra og hafi það verið ein af meginástæðunum fyrir uppsögninni. Stefnandi hafi tvímælalaust miðað að því að brjóta niður þær reglur og þann aga, sem var í slökkviliðinu. Flestir yfirmenn slökkviliðsins hafi kvartað yfir framkomu stefnanda og enginn þeirra hafi að síðustu viljað taka á sig þá ábyrgð að hafa stefnanda á sinni vakt.

Samstarfsmenn stefnanda í slökkviliðinu hafi skipst nokkuð í tvo hópa, misstóra að vísu, og muni þeim hópnum, sem fylgdi stefnanda að máli, hafa líkað vel að vinna með honum, en hinn hópurinn muni hafa viljað losna við hann, og taldi slökkviliðsstjórinn, að sá hópurinn hefði verið mun stærri. Slökkviliðsstjórinn tók fram, að síðan stefnandi hætti í slökkviliðinu, hafi þar ríkt betri andi og meiri ró og spekt.

Vegna þess, sem fram kemur á dskj. nr. 5 um atburði 17. maí 1972, þá sagði slökkviliðsstjórinn, að hann héldi, að hann muni, að þetta muni vera dagsetning af ákveðnum atburði, en hann hafi verið þannig, að um morguninn hafi stefnandi átt að mæta kl. 0800. Það hafi hann ekki gert og þá verið hringt heim til hans, en þar hafi verið sagt, að stefnandi væri á leið til vinnu, en ætlaði að koma við hjá lækni. Seinna, þá hafi stefnandi komið inn á skrifstofu til slökkviliðsstjórans og viljað fá að tala við slökkvi-

liðsstjórnann, en hann hafi sagt, að hann gæti talað við stefnanda seinna, en á þessum tíma var slökkviliðsstjórninn með fund inni hjá sér. Um hálfri klukkustund síðar hafi Arnbjörn læknir komið inn á skrifstofu slökkviliðsstjórnans og sagt, að hann yrði að tala við slökkviliðsstjórnann. Læknirinn hafi svo sagt slökkviliðsstjórninum, að stefnandi væri alger „psykopat“, hann væri brjáláður og hættulegur sér og öðrum. Slökkviliðsstjórninn hafi ekki viljað trúa þessu og spurt lækninn, hvernig hann gæti sagt um þetta. Ekki væri hann geðlæknir. Læknirinn hafi sagt, að þetta gæti hvert barn séð og hafi hann kallað á stefnanda inn. Hegðun stefnanda, þá er hann kom inn, hafi verið þannig, að annað hvort sé stefnandi mjög góður leikari eða hann hafi verið brjáláður. Læknirinn hafi bent slökkviliðsstjórninum á að losa sig við stefnanda úr slökkviliðinu. Slökkviliðsstjórninn hafi beðið lækninn um læknisvottorð og hafi læknirinn lofað því, en sagst þurfa að senda stefnanda til sérfræðings. Slökkviliðsstjórninn sagðist hafa kallað á Magnús Ólafsson aðstoðarslökkviliðsstjóra og hafi slökkviliðsstjórninn beðið lækninn að endurtaka ummæli sín um stefnanda í áheyrn Magnúsar Ólafssonar og það hafi læknirinn gert.

Slökkviliðsstjórninn sagði, að hann sjálfur og stefnandi ásamt fleirum hafi verið helstu forgöngumenn að því, að starfsmannafélag var stofnað innan slökkviliðsins. Á meðan stefnandi var formaður starfsmannafélagsins, hafi samvinna slökkviliðsstjórnans og stefnanda verið góð. Það hafi verið síðar, sem hún hafi versnað. Slökkviliðsstjórninn tók fram, að hann hafi ekki átt samvinnu á vinnustað við stefnanda, heldur hafi það verið undirmenn slökkviliðsstjórnans, sem hafi kvartað við slökkviliðsstjórnann um hegðun stefnanda. Slökkviliðsstjórninn kannaðist ekki við að hafa átt ágreining við stefnanda varðandi félagsleg málefni.

Á árinu 1969 hafi verið framkvæmd undirskriftasöfnun innan slökkviliðsins gegn slökkviliðsstjórninum og hafi stefnandi verið framkvæmdasamur í því máli ásamt 4—5 öðrum. Þessi undirskriftasöfnun hafi ekki haft áhrif á afstöðu slökkviliðsstjórnans gagnvart stefnanda og áframhaldandi veru hans í slökkviliðinu. Einn eða tveir af þeim, sem stóðu að undirskriftasöfnuninni hafi hækkað í tign innan slökkviliðsins. Yfir 40 hafi skrifað undir og hafi margir þeirra hækkað í tign og hafi enginn verið látinn gjalda undirskriftanna. Þá er undirskriftum var safnað, muni hafa verið nokkur spennu á vinnustað, en spennuna taldi slökkviliðsstjórninn stafa af hegðun þeirra, sem unnu að undirskriftasöfnuninni. Flugvallarstjóri hafi svarað bréfinu á dskj. nr. 22 og þar

lýst skoðun sinni á starfi slökkviliðsstjórans og jafnframt boðið þeim, sem skrifuðu undir dskj. nr. 22, að sækja um önnur störf hjá varnarliðinu og bent þeim á að snúa sér til starfsmannahaldsins vegna þess. Enginn þeirra, sem skrifuðu undir plaggið, hafi snúið sér til starfsmannahaldsins til að sækja um önnur störf og flestir hafi þeir síðar sagt slökkviliðsstjóranum, að þeir hafi verið fengnir til að skrifa undir á fölskum forsendum. Hafi þeir beðið slökkviliðsstjóran að afsökunar. Þeir, sem unnu að undirskrifta-söfnuninni, hafi verið fyrir utan stefnanda Sigurjón Þórðarson, Hilmar Sölvason, Halldór Halldórsson og Garðar Gíslason. Eflaust hafa þeir verið fleiri, en slökkviliðsstjórinn kunni ekki að nafngreina þá. Sigurjón Þórðarson hafi verið látinn hætta hjá slökkviliðinu á Keflavíkurlflugvelli.

Fyrir dómi bar Magnús Ólafsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, að hann hafi undirritað bréfið á dskj. nr. 8. Ekki hafi hann samið bréfið einn, en hann hafi verið með í ráðum um efni bréfsins. Magnús Ólafsson sagðist hafa skorast undan því að hafa stefnanda á sinni vakt. Hafi það hvort tveggja verið, að hann hafi sjálfur ekki viljað hafa stefnanda og verkstjórar hans hafi heldur ekki viljað hafa stefnanda. Ekki sagðist aðstoðarslökkviliðsstjórinn muna eftir því, hvort hann hafi óskað eftir þessu bréflega. Stefnandi hafi í nokkuð langan tíma ekki unnið undir stjórn aðstoðarslökkviliðsstjórans, en þegar stefnandi byrjaði svo á vakt hans, hafi orðið almennt óánægja hjá mönnum þeim, sem voru á vakt aðstoðarslökkviliðsstjórans, vegna mikilla fjarvista stefnanda. Á hverri vakt séu 19 menn og hafi hver þeirra ákveðnu starfi að gegna og vegna fjarvista stefnanda hafi orðið að breyta vinnu-lista yfir daginn og meira starf lent á ýmsum starfsmönnum. Með þessu hafi óánægja með stefnanda byrjað. Síðar hafi það komið til, að stefnandi hafi hringt í aðstoðarslökkviliðsstjóran og tilkynnt honum, að hann hafi fengið frí hjá slökkviliðsstjóra, en það hafi svo verið ósatt.

Aðstoðarslökkviliðsstjórinn sagðist muna eftir því, að eitt sinn hafi slökkviliðsstjóri kallað á hann inn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, en þar hafi þá verið staddur Arnbjörn Ólafsson læknir og hafi læknirinn sagt að aðstoðarslökkviliðsstjóranum og slökkviliðsstjóranum viðstöddum, að stefnandi væri sjúkur, stórhættulegur sjálfum sér og öðrum og ekki væri forsvaranlegt að hafa hann í vinnu. Aðstoðarslökkviliðsstjórinn tók fram, að honum hafi virst læknirinn vera í mikilli geðshræringu, þegar hann sagði

þetta. Þetta allt hafi orðið til þess, að aðstoðarslökkviliðsstjórinn vildi ekki hafa stefnanda á sinni vakt.

Fyrir dómi bar Halldór Marteinsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, að hann hafi skrifað undir bréfið á dskj. nr. 8 og hafi hann átt sinn þátt í að semja bréfið. Halldór sagðist ekki hafa viljað hafa stefnanda á sinni vakt. Hafi hann ekki treyst sér til að taka ábyrgð á stefnanda vegna þess, sem á undan var gengið. Við störf í slökkviliðinu sé viss agi nauðsynlegur. Þessi agi hafi verið byggður upp á löngum tíma. Þegar hættuástand sé, þá verði þeir, sem stjórna, að geta látið framkvæma verkin, sem nauðsynleg eru, möglunarlaust og án spurninga. Í minni atriðum sé agi líka nauðsynlegur og sé þá lögð áhersla á mætingar. Stefnandi hafi illa getað sætt sig við þær reglur, sem þarna voru, og þær skyldur, sem lagðar voru á starfsmennina. Einnig hafi hátterni stefnanda orðið til þess, að aðstoðarslökkviliðsstjóri vildi ekki hafa hann á sinni vakt, enda hafi læknir verið búinn að taka fram, að stefnandi væri ekki heill á geðsmunum.

Aðstoðarslökkviliðsstjórinn sagðist þekkja plaggíð á dskj. nr. 22 og sagðist telja plagg þetta ádeilu á sig um leið og það sé ádeila á slökkviliðsstjóra.

Fyrir dómi bar Haraldur Stefánsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, að hann hafi undirritað bréfið á dskj. nr. 8 og hafi hann átt þátt í samningu bréfsins. Aðstoðarslökkviliðsstjórinn sagðist ekki hafa viljað hafa stefnanda á sinni vakt. Ástæðan fyrir því hafi verið nauðsyn mætinga og hann verði að geta treyst því, að starfsmenn mæti. Því hafi hann ekki getað treyst með stefnanda og það verið aðalástæðan fyrir því, að aðstoðarslökkviliðsstjórinn vildi ekki hafa stefnanda á sinni vakt, en ýmsar ástæður þar fyrir utan hafi legið til þess, að aðstoðarslökkviliðsstjórinn vildi ekki hafa stefnanda á sinni vakt. Fyrir löngu síðan hafi verið kurr á vinnustaðnum og hann hafi virst eiga rót sína að rekja til stefnanda, en þarna hafi orðið óánægja hjá starfsmönnum með að fara eftir settum reglum. Agi á þessum vinnustað sé nauðsynlegur vegna eðlis starfsins.

Fyrir dómi bar Guðmundur Snorrason, ráðningarstjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að stefnandi hafi verið ráðinn í slökkvilið varnarliðsins 17. september 1966. Sú ráðning hafi verið tímabundin og staðið til 15. október s. á. 21. október 1966 hafi stefnandi verið ráðinn til starfa hjá slökkviliðinu á nýjan leik og hafi starf hans hafist 22. október 1966. Í þetta skipti hafi verið

um ótímabundna ráðningu að ræða og hafi stefnandi verið ráðinn upp á þriggja mánaða uppsagnarfrest, eftir að hann hefði lokið umsömdu námskeiði fyrir slökkviliðsmenn og eftir að hafa unnið ákveðinn reynslutíma. Í janúar 1967 hafi stefnandi lokið námskeiðinu.

Ráðningarstjórinn sagðist hafa átt tal við stefnanda, áður en honum var ritað uppsagnarbréfið, og svo hafi ráðningarstjórinn átt tvo fundi með stefnanda og Guðna Jónssyni, meðan á uppsagnartímabilinu stóð, og hafi ráðningarstjórinn þá rætt um möguleika á að útvega stefnanda annað starf hjá varnarliðinu. Stefnandi hafi sagst ætla að athuga málið, en frá stefnanda hafi engin umsókn borist um annað starf hjá varnarliðinu.

Ráðningarstjórinn sagði, að við seinni ráðningu stefnanda, þegar rætt var um kaup og kjör, hafi stefnanda verið sagt, að kjör hans sem slökkviliðsmanns í slökkviliði varnarliðsins skyldu vera hliðstæð við kjör starfsmanna Reykjavíkurborgar. Ráðningarstjórinn tók fram, að starfsmenn varnarliðsins gætu ekki notið sambærilegra kjara og opinberir starfsmenn, en kjörin skyldu vera hliðstæð. Ráðningarstjórinn sagði, að það muni vera rétt, að þá er varnarliðið ráði til sín slökkviliðsmann, sé það tekið fram, að hann sé ráðinn með sömu réttindum og samið hafi verið um af Reykjavíkurborg með starfsmenn sína. Í ráðningarbréfi slökkviliðsmanna sé talað um kjarasamninga Reykjavíkurborgar. Ráðningarstjórinn tók fram, að hann telji, að kjör starfsmanna varnarliðsins geti bara orðið hliðstæð kjörum starfsmanna Reykjavíkurborgar, en ekki eins.

Ráðningarstjórinn sagði, að almennt sé haft samband við hann og aðra í starfsmannastjórn starfsmannahalds varnarliðsins í sambandi við uppsagnir starfsmanna varnarliðsins og hafi verið haft samband við hann, áður en stefnanda var sagt upp störfum. Bréfaskriftir á milli starfsmanna slökkviliðsins eða slökkviliðsstjóra og starfsmannahaldsins séu til staðar innan starfsmannahalds varnarliðsins.

Ráðningarstjórinn sagði, að sér væri kunnugt um, að slökkviliðsstjóri hafi tvisvar ritað stefnanda áminningarbréf og hafi í fyrra bréfinu verið rætt um óstundvís stefnanda. Í júlí 1972 hafi stefnanda verið ritað annað áminningarbréf.

Fyrir dómi bar Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að kjör slökkviliðsmanna varnarliðsins ættu að vera miðuð við kjör slökkviliðsmanna í slökkviliði Reykja-

víkur. Kaupskrárnefnd starfi á vegum utanríkisráðuneytisins og ákvarði hún kaup og kjör starfsmanna varnarliðsins.

Starfsmannastjórnin tók fram, að varnarliðið geri ekki persónulega ráðningarsamninga við þá starfsmenn varnarliðsins, sem falli undir almenna kjarasamninga, sem kaupskrárnefnd hafi ákveðið, að skuli gilda um hlutaðeigandi starf. Allir íslenskir starfsmenn varnarliðsins falli undir ákvörðunarvald kaupskrárnefndar, en nefndin veiti stundum heimild til að gerður sé sérstakur ráðningarsamningur við starfsmann, sem gegnir starfi, sem ekki sé heildarsamningur um, en nefndin hafi samt vald til að ákveða kaup. Á flugvellinum sé ráðningarstofa varnarmála-deildar og þangað verði væntanlegir starfsmenn að snúa sér í upphafi. Frá ráðningarstofu þessari sé væntanlegum starfsmönnum vísað til skrifstofu starfsmannahaldsins. Ráðningarstofu þessari sé tilkynnt um uppsagnir starfsmanna. Baldur Guðjónsson stjórnir skrifstofu þessari. Íslenskum yfirvöldum sé tilkynnt um uppsagnir og uppsagnir útskýrðar, en ekki sé óskað eftir samþykki íslenskra yfirvalda til uppsagna. Ekki sé venja að taka fram ástæðu fyrir uppsögn, þá er starfsmönnum sé sent uppsagnarbréf, nema ástæða sé eitthvert sérstakt afbrot í starfi, en því hafi ekki verið til að dreifa í þessu tilviki.

Starfsmannastjórnin sagði, að tilefni bréfsins á dskj. nr. 9 muni vera, að síðasta dag uppsagnarfrestsins hafi komið tilmæli frá íslenskum yfirvöldum um viku framlengingu á uppsagnarfrestinum. Vegna þessara tilmæla hafi bréfið verið skrifað. Ástæðan fyrir þessum tilmælum frá íslenskum yfirvöldum muni hafa verið, að þeir hafi ætlað að athuga málið betur á þessum tíma. Þessi framlenging hafi verið gerð í þágu stefnanda, en ekki varnarliðsins.

Starfsmannastjórnin sagði, að áður en stefnanda var ritað uppsagnarbréfið, hafi starfsmannastjórnin talað við stefnanda og sagt honum frá væntanlegri uppsögn og jafnframt spurt stefnanda að því, hvort hann vildi ekki eitthvert annað starf hjá varnarliðinu á flugvellinum. Það hafi stefnandi ekki viljað. Starfsmannastjórnin hafi ekki tilgreint eitthvert ákveðið starf í þessu samtali. Starfsmannastjórnin sagðist ekki vita, hvort starf í slökkviliðinu sé almennt eftirsóknarverðara en önnur störf á flugvellinum, en sumir starfshópar telji slökkviliðsstarfið eftirsóknarverðara en annað, vinnutími sé annar, slökkviliðsmenn vinni almennt tvo sólarhringa í viku. Starfsmannastjórnin sagðist telja víst, að hægt hefði verið að finna starf við hæfi stefnanda eins og honum var

boðið, áður en honum var sagt upp. Starfsmannastjórinn sagðist þekkja stefnanda að trúmennsku og góðri framkomu. Nýtt starf mundi hafa þýtt dagvinnu og að öllum líkindum hefði því ekki fylgt vaktavinnuálag, en starfsmannastjórinn sagðist reikna með, að ef stefnandi hefði viljað, hefði honum verið boðið skrifstofu-starf.

Lífeyrissjóður slökkviliðsmanna varnarliðsins sé eign starfsmannanna. Varnarliðið greiði meira til sjóðsins en Reykjavíkurborg greiði til lífeyrissjóðs sinna starfsmanna. Jafnframt greiði varnarliðið í sjúkrasjóð og orlofssjóð starfsmanna, enn fremur sé slökkviliðsmönnum greidd launauppbót og séu greiðslur þessar til þess að jafna þann mismun, sem sé á kjörum slökkviliðsmanna varnarliðsins og slökkviliðs Reykjavíkur, sem hafi æviráðningu.

Starfsmannastjórinn sagðist hafa séð dskj. nr. 22, en tók fram, að plagg þetta hafi komið fram á þeim tíma, þegar ríkt hafi töluverð spenna í slökkviliði varnarliðsins. Það ástand, sem þá ríkti, sé alls ekki lengur fyrir hendi.

Fyrir dómi staðfesti Baldur Guðjónsson ráðningarstjóri álitsgerðina á dskj. nr. 30. Álitsgerðin er svohljóðandi:

„Ég hefi samkvæmt beiðni varnarmáladeildar reynt að gera mér grein fyrir ástæðum varnarliðsins á uppsögn Gunnars Jónsonar slökkviliðsmanns.

Hefi ég gert það með tvennum hætti, með viðtölum við einstaka slökkviliðsmenn og með því að fara yfir bréfaskriftir varnarliðsins varðandi mál þetta.

Í viðtölum við starfsmenn slökkviliðsins hefur það einna helst komið fram sem andmæli gegn Gunnari, að mætingar hans til vinnu séu ekki nægilega góðar. Meðal undirmanna slökkviliðsins virðist sú skoðun ríkjandi, að Gunnar sé ekki síður en margir aðrir starfsmenn slökkviliðsins fær um að vinna hvaða vinnu sem er innan slökkviliðsins, átöldu þeir það mjög, að Gunnar skuli hafa verið tekinn úr eðlilegri vinnu innan slökkviliðsins.

Meðal yfirmanna slökkviliðsins kom þessi skoðun einnig fram varðandi vinnuhæfni Gunnars, þau atriði er yfirmenn slökkviliðsins töldu einna verst, voru fjarvistir Gunnars frá vinnu og enn fremur, að um „agabrot“ hefði verið að ræða hjá Gunnari, ekki fengust nánari skýringar á agabrotum Gunnars nema að til var greint, að Gunnar hefði neitað að hneppa einkennisjakka sínum og laga hálsbindi við „liðskönnun“ á vaktaskiptum.

Sökum þess stutta tíma, er ég hefi haft til athugunar á máli

þessu, vil ég taka það fram, að æskilegra hefði verið að geta talað við fleiri starfsmenn slökkviliðsins og skilgreint nánar skoðanir manna.

Af bréfum frá varnarliðinu um mál þetta vekur bréf slökkviliðsstjóra og 3ja varaslökkviliðsstjóra, dags. 18. ágúst 1972, mesta athygli, því þar virðast koma í ljós ástæður varnarliðsins fyrir uppsögn Gunnars.

Í bréfi þessu er vitnað til bréfa, er send hafa verið til Gunnars, og einnig til yfirmanns stöðvarinnar, „Commanding Officer“, varðandi hegðun Gunnars.

Í bréfi frá 13. júlí 1971 telur slökkviliðsstjórinn ástæðu til að ámæla Gunnari fyrir að hafa á árunum 1970—1971 mætt of seint til vinnu í fjögur skipti, samtals $4\frac{1}{2}$ klst.

Næsta bréf frá slökkviliðsstjóra til Gunnars er dags. 27. júlí 1972. Þar er Gunnar áminntur fyrir að:

- a) að hafa ekki beðið um frí þ. 27. júlí 1972, það kemur þó fram í áminningarbréfinu, að Gunnar hringdi til slökkvistöðvarinnar og tjáði vaktstjóra forföll vegna snögglegs andláts tengdaföður hans.
- b) Þar er Gunnar áminntur fyrir að mæta ekki á vakt 13. júlí 1972 og láta ekki vita um fjarveru sína, einnig fyrir að mæta 8 mín. of seint til vinnu þ. 16. júlí og að skila ekki læknisvottorði fyrir veikindi sín þ. 13. júlí fyrr en 9 dögum eftir veikindi.
- c) Í þessum lið er Gunnar áminntur fyrir að taka of langan tíma til þess að loka einni byggingu og enn fremur að vera ekki í talstöðvarsambandi við slökkvistöðina.

Í bréfi slökkviliðsstjóra til „Commanding Officer“, dags. 16. ág. '72 upplýsir slökkviliðsstjóri, að Gunnar hafi ekki verið látinn vinna á eldvarnartækjum, „Fire apparatus“, vegna fyrri geðframkomu, „psychopathic behavior“, og þess vegna orðið slökkviliðinu að litlu gagni síðan, jafnframt getur slökkviliðsstjóri þess, að Gunnar hafi ekki sýnt neinar framfarir sem slökkviliðsmaður síðan hann fékk uppsagnarbréf sitt 29. maí 1972.

Vegna þessara ummæla slökkviliðsstjóra vaknar sú spurning, hvernig maður, sem tekinn er úr umferð sem virkur slökkviliðsmaður, geti á nokkurn máta sýnt framfarir í starfi.

Í öðrum lið bréfs þessa er gerð grein fyrir um \$ 200.00 kostnaði, sem varnarliðið hafi orðið fyrir vegna meiðsla Gunnars við slökkviliðsæfingu með slökkviliðinu í Keflavík. Því er haldið

fram, að Gunnar hafi verið undir áhrifum áfengis, er umrætt atvik skeði, ekki eru þó færðar á það frekari sannanir.

Einnig er getið um, að Gunnar hafi beðið um 48 klst. frí til að fara á veiðar, ekki kemur fram í bréfi slökkviliðsstjóra, hvort slíkt leyfi hafi verið veitt, en hafi það verið gert, verður að teljast undarlegt að telja það til tíðinda eða ávirðinga, og enn furðulegra verður að teljast að minnast á slíkt, hafi leyfið ekki verið veitt.

Ég hefi hér dregið fram helstu atriði þessara bréfa, þar eð ég tel, að þar sé að finna helstu ástæður, er fram hafa komið frá varnarliðinu vegna uppsagnar Gunnars.

Að lokinni þeirri athugun virðist ekki óeðlilegt, að margir slökkviliðsmenn hafi nokkrar áhyggjur af atvinnuöryggi sínu, og telja margir, að ekki hafi komið það fram í máli Gunnars, er réttlæti uppsögn úr starfi, en komi hún til framkvæmda, mun það þýða, að hvenær sem er getur varnarliðið sagt upp slökkviliðsmanni „án ástæðu“ með 3ja mánaða fyrirvara.

Trúnaðarmenn slökkviliðsins hafa gert nokkrar tilraunir til þess að fá úrskurð Kaupskrárnefndar um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli með tilliti til starfsmanna Reykjavíkurborgar við sömu störf. Hinn 28. júlí 1969 skrifaði þáverandi trúnaðarmaður slökkviliðs, Garðar Gíslason, Kaupskrárnefnd bréf um þetta efni og fleira, að sögn Garðars hefur því bréfi ekki verið svarað enn.

Það er ástæða til að benda á, að þegar varnarliðið ræður til sín ísl. slökkviliðsmann, er það tekið fram á ráðningarbréfi, að hann sé ráðinn með sömu réttindum og samið hafi verið um af Reykjavíkurborg við starfsmenn sína.

Á ensku er þetta orðað svo: Rights and privileges in accordance with the agreement between the City of Reykjavík and the Union of Reykjavík Municipal employees.

Varnarliðið virðist því líta svo á, þegar það ræður slökkviliðsmenn til starfa til sín, að þeir eigi að njóta sömu réttinda og starfsbræður þeirra í Reykjavík hafa.

Að lokum tel ég rétt að draga saman ástæður þær, er koma fram í bréfum varnarliðsins fyrir uppsögn Gunnars:

- a) að koma 4 sinnum of seint til vinnu á árunum 1970—1971, samtals 4½ klst.
- b) fyrir að biðja ekki sérstaklega um frí vegna andláts tengda föður hans, en þó viðurkennt af varnarliðinu, að Gunnar

hafi hringt til slökkvistöðvar og tilgreint ástæður fyrir væntanlegri fjarveru.

- c) fyrir að skila ekki læknisvottorði fyrr en 9 dögum eftir veikindi.
- d) fyrir að vera um 30 mín of lengi að loka ákveðinni byggingu og að vera ekki í talstöðvarsambandi við slökkvistöð í 45 mín.
- e) fyrir að valda varnarliðinu \$ 200.00 útgjöldum vegna fjarveru frá störfum vegna meiðsla á hendi.
- f) fyrir að biðja um 48 klst. frí frá störfum til fiskveiða (sem þó kemur ekki fram í bréfi varnarliðsins, hvort var veitt eða ekki).“

Ráðningarstjórinn sagðist ekki hafa verið beðinn um að semja álitssgerðina fyrr en uppsagnarfrestur stefnanda var liðinn. Hann tók fram, að hann vissi ekki betur en utanríkisráðherra hefði beðið um viku framlengingu á uppsagnarfresti stefnanda, en á þeim tíma hefði ráðningarstjórinn átt að vera búinn að skila álitssgerð sinni.

Í stefnu er því haldið fram, að uppsögn stefnanda hafi verið ólögmat og tilefnislaus. Jafnframt að Sveinn R. Eiríksson slökkviliðsstjóri hafi ekki haft umboð til þess að undirrita uppsagnarbréfið á dskj. nr. 4 né bréfið á dskj. nr. 9 um framlengingu á starfsuppsögn, enda hafi Baldur Guðjónsson ráðningarstjóri, Langholti 15, Keflavík, ekki haft nein afskipti af þessari uppsögn.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Laun og orlofsfé 1. sept. 1972 til 31. mars 1973 kr. 383.156
2. Ógreitt orlofsfé o. fl. ca — 30.000
3. Miskabætur — 500.000

Kr. 913.156

Því er haldið fram í stefnu, að stefnandi hafi verið tekjulaus síðan 1. september 1972.

Krafan um miskabætur er rökstudd með því, að enginn viti, hvers vegna stefnanda hafi verið vikið úr starfi. Af þessu hljóti að spinnast alls konar orðrómur, sögusagnir og getgátur, er séu til þess fallnar að rýra mannorð stefnanda í vitund samborgaranna og valda honum miska. Jafnframt var vísað til dskj. nr. 8 og dskj. nr. 13, sem stefnandi telur, að hafi verið notuð og misnotuð af mönnum, sem stefndu beri ábyrgð á. En skjöl þessi séu til þess fallin að valda stefnanda miska, enda vafalaust til þess ætluð.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi í alla staði

verið fær um að gegna starfi sínu sem slökkviliðsmaður á þeim tíma, sem Sveinn R. Eiríksson vék honum úr starfi án samráðs við innlenda og erlenda yfirmenn sína.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi, þá er hann réðst til starfa í slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, mátt reikna með, að um æviráðningu væri að ræða, þar sem slökkviliðið hljóti að verða starfrækt á Keflavíkurflugvelli svo lengi sem þar sé starfræktur flugvöllur, hvort sem varnarliðið fer eða ekki. Jafnframt er vísað til þess, að kaup og kjör stefnanda skyldu vera sambærileg við kaup og kjör starfsmanna í slökkviliði Reykjavíkur.

Við munnlegan málflutning voru kröfur stefnanda enn fremur rökstuddar með því, að uppsögnin á dskj. nr. 4 hafi verið undirrituð af umboðslausum manni og sama sé um bréfið á dskj. nr. 9. Jafnframt að þar sem ekki voru tilgreindar ástæður fyrir uppsögn í uppsagnarbréfinu, þá sé uppsögnin ólögmat. Bréfið á dskj. nr. 9 hafi fellt fyrra bréfið úr gildi og hljóti þá að hefjast nýr uppsagnarfrestur.

Af hálfu stefndu eru kröfur rökstuddar með vísan til 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, en þar er fjallað um kjör þeirra manna íslenskra, er ráðast til starfa hjá her Bandaríkjanna, og segir þar m. a.: „Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenskum lögum og venjum.“ Eigi sé fjallað sérstaklega um, með hverjum hætti skuli segja upp starfsmönnum, og eigi tiltekinn uppsagnarfrestur. Öllum landslýð hafi verið ljóst allt frá komu hers Bandaríkjanna til Íslands, að dvöl þess hers hafi verið hér háð mikilli óvissu. Sérstaklega megi ætla, að slíkt hafi verið ljóst þeim, er slíkan áhuga sýndu á málum hersins að ráðast í þjónustu hans. Engin íslensk stjórnvöld né bandarísk hafi nokkru sinni gefið í skyn, að her Bandaríkjanna hafi þá varanlegu stöðu vinnuveitenda hér á landi, er jafna mætti við höfuðborg landsins eða ríkissjóð Íslands. Hvorki varnarsamningurinn né ráðningarsamningar við íslenska starfsmenn hers Bandaríkjanna hafi nokkru sinni gert ráð fyrir sams konar varanlegum tengslum vinnuveitenda og launþega og tíðkist milli opinberra starfsmanna á Íslandi og vinnuveitenda þeirra. Öll ákvæði um æviráðningu til starfa hjá her Bandaríkjanna hafi verið í hrópandi mótsögn við margyfirlýsta stefnu stjórnvalda um, að dvöl erlends hers á Íslandi beri að skoða sem bráðabirgðaráðstöfun. Varnarsamningurinn tilgreini sérstaklega, að vinnu-

laun, launauppbætur og öryggisráðstafanir í vinnu muni fara að íslenskum lögum og venjum. Æviráðning í starf teljist til undantekninga, þegar litið sé á íslenskan vinnumarkað í heild. Hafi slík ráðningarform vakað fyrir aðiljum varnarsamningsins við gerð hans, hefðu ákvæði þess efnis án efa verið tilgreind í samningnum svo óeðlileg sem þau séu, miðað við fyrirhugaðan dvalartíma hersins hér á landi. Í reynd hafi það verið svo, að her Bandaríkjanna hafi miðað uppsagnarfrest af sinni hálfu við þær venjur eða samninga, sem algengastir séu milli vinnuveitenda og launþega í landinu. Þess megi geta, að lífeyrissjóður slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli sé ekki verðtryggður og hann sé séreignasjóður, sem þýði það, að einstakir sjóðmeðlimir geti fengið sinn hluta greiddan úr sjóðnum, þegar þeir láti af starfi. Reglur lífeyrissjóðsins víki einnig frá reglum lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar að því leyti, að vinnuveitandinn greiði í lífeyrissjóðinn 6% af öllum skattskyldum launum slökkviliðsmannanna og að þeir greiði sjálfir 4% af öllum skattskyldum launum sínum í sjóðinn.

Í stefnu sé frá því greint, að stefnandi hafi verið frá verki vegna veikinda samtals 1.71% af umsömdum og löglegum fjarvistum vegna veikinda á tímabilinu 22. nóvember 1966 til 31. ágúst 1972. Af þessu tilefni er tekið fram, að varnaraðili haldi því ekki fram, að uppsögn stefnanda byggist á óheimilum fjarvistum. Með bréfi Sveins R. Eiríkssonar slökkviliðsstjóra, dags. 29. maí 1972, hafi stefnanda verið sagt upp starfi frá og með 31. ágúst 1972 og engin ástæða hafi verið tilgreind. Varnaraðili líti svo á, að þessi uppsögn hafi verið fullkomlega heimil, án þess að neinar sérstakar ástæður hafi verið tilgreindar eða neinar sérstakar ástæður til uppsagnarinnar væru fyrir hendi. Hér sé um að ræða þriggja mánaða uppsagnarfrest, en það sé lengsti uppsagnarfrestur, sem tíðkaður sé í sambærilegum vinnusamböndum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að bréf slökkviliðsstjóra, dags. 30. ágúst 1972, hafi einungis verið framlenging á uppsagnartímabili, enda óski stefnandi eftir að starfa lengur, eða til 7. september. Það liggi fyrir í málinu, að stefnandi óskaði ekki eftir þessu og hafi hann ekki unnið eftir 31. ágúst 1972. Orðalag bréfsins sé ótvírætt um það, að hér sé ekki um að ræða endurráðningu. Með vísan til framanritaðs skorti algerlega grundvöll fyrir fyrsta kröfulið í kröfugerð stefnanda.

Varðandi 2. kröfulið í stefnu, þ. e. a. s. ógreitt orlofsfé og fleira, ca kr. 30.000, tekur varnaraðili fram, að erfitt sé að meta þann kröfulið, þar sem hann sé ekki studdur neinum rökum. Hins vegar

muni verða lagt fram síðar í málinu yfirlit frá reikningshaldi slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar sem fram muni koma, hvað stefnandi eigi vangreitt í orlofi og fleiru, en hann hafi ekki fengist til að gera það upp, en engin ástæða virðist hafa verið til þess að höfða mál til innheimtu skv. þessum kröfulið.

Að því er varðar 3. kröfulið í stefnu, miskabætur að fjárhæð kr. 500.000, mótmæla stefndu algerlega, að nokkur fótur sé fyrir þeirri kröfu. Þar sem ekki sé um að ræða æviráðningarrétt í starfi slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli, komi það engum á óvart, þó uppsagnir eigi sér þar stað án nokkurar sérstakrar ástæðu og sé því fráleitt, að af uppsögn stefnanda hjá slökkviliðinu hafi hlotist að „spinnast alls konar orðrómur, sögusagnir og getgátur, er séu til þess fallnar að rýra mannorð hans í vitund samborgaranna og valda honum miska“, eins og segir í stefnu. Einnig telja stefndu, að öll lagarök skorti til þess, að unnt sé að dæma miskabætur í þessu máli, enda sé hér ekki um að ræða meingjörð drýgða af illfýsi, sbr. 264. gr. hegningarlaganna nr. 19 frá 1940.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að skjalið á dskj. nr. 8 sé trúnaðarbréf, sem einungis hafi verið ætlað viðtakanda þess, en ekki öðrum. Skorað er á stefnanda að upplýsa, hvernig honum barst í hendur þetta trúnaðarbréf. Það sé augljóst, að slíkar persónulegar nótur, eins og dskj. nr. 8 er, hljóti að fara á milli yfirmanna í einstökum tilvikum og geti það ekki talist til miska, séu þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Dskj. nr. 13 sé álit læknis.

Af hálfu stefndu er þeirri kröfu stefnanda, að hann verði settur aftur inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, alfarið mótmælt. Það hljóti að vera réttur vinnuveitandans í þessu tilviki að segja stefnanda upp störfum, hugsanlega að viðlagðri bótaábyrgð. Öll lagaskilyrði skorti til þess að skylda varnaraðilja til þess að koma stefnanda inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að ástæður fyrir uppsögn stefnanda hafi verið taugaveiklun stefnanda. En eins og fram kæmi af framlögðum læknisvottorðum, þá hafi taugaveiklun stefnanda verið slík, að fyllilega hafi réttlætt uppsögn, enda sýni læknisvottorðin, að óforsvaranlegt hafi verið að hafa stefnanda í slökkviliði eins og heilsu hans var háttað.

Af hálfu stefndu er aðild ekki vefengd.

Fullyrðingar stefnanda um umboðsskort slökkviliðsstjórans Sveins R. Eiríkssonar til þess að undirrita uppsagnarbréfið á dskj.

nr. 4 og bréfið á dskj. nr. 9 eru órökstuddar, og verður krafa stefnanda um, að uppsögnin verði metin ógild af þeim sökum, því ekki tekin til greina.

Þar sem telja verður það viðurkennda reglu, að vinnuveitanda sé ekki skylt að taka aftur í þjónustu sína mann, sem hann vill ekki hafa í sinni þjónustu, verður krafa stefnanda um að verða settur aftur inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, þ. á m. með óskertum lífeyrisréttindum og aðstöðu til að hækka í starfi (tign) miðað við upphaflegan starfsaldur, ekki tekin til greina.

Þegar litið er til uppsagnarákvæða varnarsamningsins á milli Íslands og Bandaríkjanna, þá verður ekki talið, að varnarliðið hafi sömu varanlegu stöðu vinnuveitenda gagnvart starfsmönnum sínum og tíðkast á milli opinberra starfsmanna á Íslandi og vinnuveitenda þeirra.

Fram er komið, að þá er stefnandi réðst til starfa í slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, hafi honum verið sagt, að kjör hans skyldu vera hliðstæð við kjör starfsmanna Reykjavíkurborgar, og jafnframt er fram komið, að þá er varnarliðið ræður til sín slökkviliðsmann, þá sé það tekið fram, að hann sé ráðinn með sömu réttindum og samið hafi verið um af Reykjavíkurborg við starfsmenn sína. Um kjör starfsmanna Reykjavíkurborgar fjallar reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í kjörum starfsmanna felast fleiri ákvæði en ákvæði um laun, svo sem ákvæði um lausn, orlof, veikindadaga og fleira. Þar sem varnarsamningnum hefur ekki verið sagt upp, þá þykir með vísan til ofanritaðs að verða að leggja ákvæði reglugerðar þessarar til grundvallar við úrlausn ágreinings málsaðilja.

Eins og rakið hefur verið, eru ekki tilgreindar ástæður fyrir uppsögninni í uppsagnarbréfinu á dskj. nr. 4. Í 10. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar er kveðið á um það, að lausn skuli veita skriflega og jafnan greina orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o. s. frv.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að ástæða fyrir uppsögn stefnanda hafi verið taugaástand stefnanda, og var í því sambandi vísað til framlagðra læknavottorða.

Þegar litið er til V. kafla reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, þá réttlætir taugaástand stefnanda, eins og því er lýst í skjölum málsins, ekki uppsögnina.

Það kom fram, þá er slökkviliðsstjórinn Sveinn R. Eiríksson kom fyrir dóm, að ástæða fyrir uppsögninni hafi verið vantraust slökkviliðsstjórans og annarra yfirmanna á stefnanda. Þetta vantraust hafi byggst á reynslu þeirra af stefnanda. Þar hafi komið til mæting stefnanda til starfa, hegðun hans í starfi og agabrot.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar er fjallað um rétt til þess að veita starfsmanni lausn um stundarsakir vegna ýmiss konar ávirðinga, en réttur til þess að veita lausn um stundarsakir vegna upptalinna ávirðinga er því skilyrði bundinn, að áður skal veita starfsmanni áminningu og geta honum kost á að bæta ráð sitt.

Í skjölum málsins er einungis eitt áminningarbréf til stefnanda, það er dags. 27. júlí 1972, eða eftir að stefnanda hafði verið sagt upp.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þá telst uppsögn stefnanda á dskj. nr. 4 óréttmæt.

Fram er komið, að starfsmannastjóri og ráðningarstjóri varnarliðsins hafi sagt stefnanda, að hann mundi geta fengið annað ótiltekið starf hjá varnarliðinu. Jafnframt að stefnandi hafi ekki sótt um annað starf hjá varnarliðinu.

Þegar litið er til orðalags bréfsins á dskj. nr. 9, þá verður ekki talið, að það felli úr gildi uppsögnina á dskj. nr. 4, heldur aðeins að það framlengi þar greindan uppsagnarfrest.

Þegar litið er til framburðar Guðna Jónssonar, starfsmannastjóra varnarliðsins, um tilefni bréfsins á dskj. nr. 9 svo og framburðar Baldurs Guðjónssonar, ráðningarstjóra utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli, um sama efni, þá þykir bréf þetta hafa gefið stefnanda tilefni til að halda, að uppsögnin kynni að verða dregin til baka. Verður því ekki á þá skoðun fallist, að það, að stefnandi þáði ekki, að honum yrði útvegað annað ótiltekið starf hjá varnarliðinu, firri stefnanda rétti til bóta vegna uppsagnarinnar.

Verður nú tekin afstaða til hinna einstöku liða í dómkröfu stefnanda.

Um 1.

Með vísan til þess, er áður var sagt um, að bréfið á dskj. nr. 9 hafi gefið stefnanda tilefni til að halda, að uppsögnin yrði dregin til baka, og því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi verið tekjulaus frá 1. sept. 1972 og fram á árið 1973, þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda laun í 3 mánuði frá 1. sept.

1972, enda var því lýst yfir við munnlegan málflutning af hálfu stefndu, að stefnanda hafi einungis verið greidd laun til þess tíma. Við ákvörðun fjárhæðar þessa liðar er hafður til hliðsjónar útreikningur á dskj. nr. 38 og ákveðst kr. 158.384.21.

Um 2.

Fullyrðingum stefnanda um, að hann hafi sótt um ýmis störf, þar á meðal hjá slökkviliði Hafnarfjarðar, en umsóknum hans hafi ekki verið svarað, er ómótmælt. Þegar litið er til starfsaldurs stefnanda og með hliðsjón af málsatvikum í heild, þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefndu, og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 200.000.

Um 3.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu stefndu, að stefnandi eigi inni hjá stefndu kr. 30.443.72 vegna ógreidds orlofs.

Niðurstaða málsins verður því samkvæmt framansögðu, að stefndu ber að greiða stefnanda samtals kr. 388.827.93 með vöxtum eins og krafist er, en vaxtakröfu stefnanda var ekki sérstaklega mótmælt.

Málskostnaður ákveðst kr. 75.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnari Jónssyni, kr. 388.827.93 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 75.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
